

# EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	18.11.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Fyrirtæki</b>	H.B Grandi á Vopnafirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hafnarbyggð	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjòlsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jörgen Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	691171,367 590414,525

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu í ljós tvö frávik starfsleyfi verksmiðjunnar, hávaði frá verksmiðju hefur ekki verið mældur og fita í fráveituvatni er yfir starfsleyfismörkum.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Engin kvörtun hefur borist vegna starfseminnar það sem af er ári. Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni eða búnaði hennar frá því að síðasta eftirlitsferð var farin.

Fram kom að unnið hafði verið úr um það bil 70.000 tonnum af hráefni þegar verksmiðjan var heimsótt. Að langmestu leyti er um að ræða hráefni frá frystihúsi HB Grandi á Vopnafirði og er hráefni dælt til vinnslunnar eftir lokuðu kerfi.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu en í henni komu fram tvö frávik,annað varðandi áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og hitt varðandi tilkynningu til eftirlitsaðila varðandi gagnsetningu verksmiðju eftir meira en mánaðar stopp. Í bréfi frá Umhverfisstofnun til fyrirtækisins þann 14. febrúar 2013 kemur fram að brugðist hafi verið við báðum frávikunum á fullnægjandi hátt að mati stofnunarinnar.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins, útgefnu af Umhverfisstofnun í júní 2010 með gildistíma til 30.04.2026.

Fram kom að vilji er til þess að gera breytingar á verksmiðjunni í þeim tilgangi að auka afkastagetu hennar en samkvæmt starfsleyfi er heimilt að vinna úr 850 tonnum af hráefni á dag í verksmiðjunni.

Ekki hefur komið til þess að vinna í verksmiðjunni hafi legið niðri í meira en einn mánuð það sem af er ári, því hefur ekki reynt á ákvæði í grein 1.5 um tilkynningu til eftirlitsaðila um gagnsetningu eftir meira en mánaðar stopp.

Skv. grein 1.6 á að endurskoða starfsleyfi verksmiðjunnar á 4 ára fresti, starfsleyfið var útgefið 2010 og ætti því að endurskoða það á næsta ári, árið 2014.

Hráefnisverð til skipa tekur meðal annars mið af TVN-gildi og hitastigi hráefnis. TVN hefur ekki mælst yfir starfsleyfismörkum það sem af er ári.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað í febrúar 2013 þar koma meðal annars fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1.

Mælingar á frárennsli fóru fram á kolmunnavertið í maí 2013, skýrslu með rannsóknarniðurstöðum var skilað í kjölfar eftirlitsferðarinnar. Helstu niðurstöður eru þær af COD og svifefni mældust undir losunarmörkum sem fram koma í grein 2.17 en fita mældist hinsvegar yfir mörkum.

Fram kom að hávaði frá verksmiðjunni hefur ekki verið mældur en í grein 3.4 var gerð krafa um hávaðamælingar fyrir árslok 2012 til þess að ganga úr skugga um það að uppfylltar séu kröfur sem fram koma í grein 2.20

### Frávik frá

Grein 2.17 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Fita í fráveituvatni mældist yfir losunarmörkum

Grein 3.4 í starfsleyfi

Hávaði frá verksmiðjunni hefur ekki verið mældur.

## ANNAÐ

Minnt er á að rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Sjá grein 1.4.

Minnt er á að við endurskoðun starfsleyfis skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunnar skýrslu um árangur við að nýta orku vel. Sjá grein 1.6

Reykjavík, 06.12.2013



---

Leifur Þorkelsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.